

AUGLÝSING

um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 465/2019,
um félagslegt leiguhúsnaði.

1. gr.

D-liður 1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

D. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:

Tekjumörk eru kr. 7.485.000 fyrir einstakling en kr. 10.480.000 fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. 1.872.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. 936.000 fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.

Eignamörk eru kr. 8.079.000.

Fjárhæðir eru endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega.

2. gr.

Kaflinn *Tekjur á ársgrundvelli* í matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnaði, í fylgiskjali 1 við reglurnar, breytist og verður svohljóðandi:

Tekjur á ársgrundvelli	Stig
Árstekjur eru yfir kr. 7.485.000	0
Árstekjur eru á bilinu kr. 4.865.250 til kr. 7.485.000	1
Árstekjur eru undir kr. 4.865.250	2

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs 5. febrúar 2025 og á fundi borgarráðs 6. mars 2025, og eru byggðar á XII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 4. tl. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, taka gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 7. mars 2025.

Heiða Björg Hilmisdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 24. mars 2025